



ÁRSSKÝRSLA

Heimilis og skóla
landssamtaka foreldra
2015

 **HEIMILI OG SKÓLI**

SKÓLI



Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 11. apríl 2016
í fundarsal SAMFOK, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir
Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir
Myndir: Heimili og skóli
Ábyrgðarmaður: Anna M. Sigurðardóttir
Prentun: Svansprent

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	4
1.1. Stjórn	4
1.2. Stjórnarfundir	4
1.3. Starfsmenn	4
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	5
2.3. Samstarfssamningur	5
3. Helstu verkefni	5
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	5
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið	6
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	7
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	7
3.5. Foreldradagurinn	9
3.6. Lestraráttak Ævars vísindamanns	9
3.7. SAFT	9
4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða	12
4.1. Útgáfa	12
4.2. Heimasíða og facebook	12
5. Fundir, ráðstefnur og aðrir viðburðir	13
6. Samstarf innanlands	14
7. Norrænt samstarf	16
8. Lokaorð	17
Lög Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra	18



INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagsamtök sem starfa óháð stjórn málaflökkum og trúfélögum. Fjöldi einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af ESB og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum Insafe netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum. Einnig höfum við boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2015 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

| 1 | STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Kosið var til stjórnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 22. apríl 2015. Úr stjórn gengu Hlíf Böðvarsdóttir, varaformaður, Gísli Hildibrandur Guðlaugsson og Hrafnís Tekla Pétursdóttir. Á aðalfundi gengu tveir nýir fulltrúar til liðs við stjórnina til tveggja ára, þær Bryndís Jónsdóttir og Kristjana Þórey Guðmundsdóttir. Þær voru sjálfkjörnar þar sem engin mótframboð bárust. Þriðji fulltrúinn, Heimir Eggerz Jóhannsson, formaður SAMTAKA á Akureyri, var kosinn til tveggja ára á fundi fulltrúaráðs Heimilis og skóla. Inga Dóra Ragnarsdóttir, fulltrúi Árborgar, var kosin til vara.

Anna Margrét Sigurðardóttir, *formaður*
| Neskaupstað, Fjarðabyggð
Jenný Ingudóttir, *varaformaður* | Reykjavík
Bryndís Jónsdóttir | Kópavogi
Heimir Eggerz Jóhannsson | Akureyri
Kristjana Þórey Guðmundsdóttir | Hafnarfirði
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir | Garðabæ
Þróstur Jónasson | Kópavogi

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir. Eðvarð Ingólfsson og Sverrir Jónsson eru til vara.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru átta stjórnarfundir á starfsárinu.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna eru:



Hrefna Sigurjónsdóttir, *framkvæmdastjóri*
Guðberg K. Jónsson, *verkefnastjóri SAFT*
Sólveig Karlsdóttir, *verkefnastjóri*
Björn Rúnar Egilsson, *verkefnastjóri*

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og kennslufræði, heimspeki, sálfræði, aðferðafræði og alþjóðasamskiptum.

| 2 | STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðslu, efni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn voru 2.438 talsins við árslok 2015, þar af 2.382 einstaklingar. Nýskráningar á

árinu 2015 voru um 350 en einhver endurnýjun félaga á sér stað á hverju ári.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Samstarfssamningur við mennta- og menningar- málaráðuneyti var undirritaður 21. mars 2013 og gildir hann til fjögurra ára frá undirritun. Honum lýkur því í árslok 2016. Samningurinn felur í sér fjárframlag, 12 milljónir króna á ári, til að sinna fjölbættri þjónustu við foreldra skólabarna á öllu landinu. Sú upphæð hefur staðið óbreytt síðustu ár.

| 3 | HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er óskað eftir fræðslu og fyrirlestrum og hafa Heimili og skóli og SAFT ferðast vítt og breitt um landið á árinu með fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla.


Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og facebook, eftir fremsta megni. Einnig kemur fólk í eigin persónu til að fá ráðgjöf.

Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá er helst hringt vegna nemanda (42%) en svo er hringt vegna mála sem falla undir annað (29%). Er það í raun lýsandi fyrir hversu flókið getur verið að flokka


ráðgjöfina þar sem málin eru oft margbætt og geta fallið undir nokkra flokka. Þar á eftir er haft samband vegna aðbúnaðar/öryggis, kennara og stjórn skóla (8,3% ráðgjafar í hverjum flokki fyrir sig). Því næst er námsefni (4,1%). Skoða má mynd 1 til að glöggva sig betur á skiptingunni.

Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar eða í rúmlega helmingi tilfella (54%). Því næst koma foreldrafélög/foreldraráð/skólaráð (15%) og svo aðstandendur (8%) og kennarar (8%). Skólastjórnendur leita ráðgjafar í 5% tilvika, sömuleiðis aðrir í 5% tilvika en 5% þeirra sem leita ráðgjafar eru óskilgreind. Fjölmíðlar leita iðulega til samtakanna en þau samskipti eru ekki skráð sérstaklega enda mjög tíð. Stundum skarast flokkarnir. Sjá mynd 2.

MYND 1 - VEGNA HVERS ER HRINGT?



MYND 2 - HVERJIR HRINGJA?



Mál nemenda eru flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka.

Þegar kemur að námi eru um 25% ráðgjafarinnar tengd lögum og reglugerðum, 20% fjalla um aðbúnað og 20% tengjast sveitarfélagi. Því næst tengjast 15% kennslu og önnur 15% skólastjórn. Að lokum eru 5% vegna kennara og 5% tengjast heimanámi.


Þegar um er að ræða andlega líðan nemenda eru 33% ráðgjafar vegna eineltis og er það mikil aukning á einu ári en árið 2014 voru 14% ráðgjafar vegna eineltis. Þá var einnig aukning frá árinu 2013 en þá voru einungis um 4% ráðgjafar vegna eineltis. Þessu ber að gefa gaum þar sem rúm helmingi aukning hefur orðið á ráðgjöf vegna eineltismála milli ára. Er það vegna þess að fólk leitar frekar til samtakanna vegna eineltis? Er fólk meðvitaðra um einelti? Er það vegna þess að raunveruleg aukning hefur orðið á einelti? Er þörf á nýju átaki gegn einelti? Þetta þarf að skoða frekar með tilliti til nýjustu rannsókna og upplýsinga um þróun málaflokksins. Á eftir einelti koma hegðun (17%), kvíði (17%) og félagsleg einangrun (17%). Því næst eru sorg og þunglyndi (8%) og nemendavernd (8%).

Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (97%) en þar á eftir kemur framhaldsskólinn (3%). Sjaldnast var hringt vegna leikskólastigsins enda sýna kannanir almenna ánægju foreldra með leikskólann. Hins vegar má velta fyrir sér hvort þar komi fleira til eins og að foreldrar séu í raun helst ánægðir með að fá leikskólapláss, ekki er skólaskylda, foreldrar eru mögulega minna inni í starfinu og/eða að leikskólarnir séu hreinlega að standa sig svona vel. Einnig hefur ráðgjöf vegna framhaldsskólastigsins minnkað samanborið við síðasta ár en einnig þarf að horfa til þess að ráðgjöf vegna grunnskólans hefur aukist. Í raun ætti ekki að koma á óvart að grunnskólinn sé fyrirferðarmestur þar sem um er að ræða lengsta skólastigið og skólaskyldu. Einnig hafa samtökin þjónustað það skólastig frá upphafi. Stundum er hringt ítrekað vegna sömu málanna og þá geta sömu málin tekið meira pláss í ráðgjöfinni.

Þegar foreldrasamtök hafa samband er oftast leitað eftir fræðslu og fyrirlestrum. Því næst er óskað eftir ráðgjöf um starfið og skipulag þess og spurt um aðkomu að stjórnsýslu, réttindi og skyldur.

Einnig er umtalsverður hluti ráðgjafarinnar tengdur netöryggi og fellur þá undir SAFT netöryggisverkefnið. Þar má helst nefna netöryggi/siðferði (37,5%), lög og reglur (25%), ráðgjöf (25%) og námsefni (12,5%) – sjá mynd 3. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnti árið 2015 skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (47,73%),

MYND 3 - RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI



félagsleg vandamál (16,55%), heilbrigðisvandamál (13,32%), ofbeldi (10,25%), neysla og fíkn (12,15%). Áhugavert er að sjá hversu stór flokkur sálræn vandamál er árið 2015. Sálrænum vandamálum má svo skipta í: geðröskun (27,74%), kvíði/fælni (12,51%), einmana/leiði (25,44%), þunglyndi (15,01%), einelti/stríðni (19,3%).

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglunga. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra og fræðsluefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, foreldrasáttmálann, aðalnámskrá, einelti og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga netnotkun barna og unglunga fyrir börn og foreldra. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.



Formaður Heimilis og skóla hélt erindi á skólamálaþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Við heimsóttum Sæmundarskóla ásamt norrænum systursamtökum okkar þegar NOKO fundur var haldinn á Íslandi.



Fríður flokkur fulltrúa foreldra mætti á fulltrúaráðsfund í nóvember.

Heimili og skóli vinna að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og að efla svæðasamtök um allt land í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótastarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang. Árið 2015 var innt af hendi mikil undirbúningsvinna í tengslum við eflingu læsis og þjóðarsáttmála um læsi.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila og unnið er að því að safna netföngum félaga. Reglulega eru sendar upplýsingar og rafrænt fréttabréf á netverkið.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Á nokkrum stöðum á landinu eru starfandi svæðasamtök sem eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnarsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa sinn til setu í fulltrúaráði samtakanna. Haldnir voru tveir fulltrúaráðsfundir á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Garðabæ 22. apríl 2015. Hófst fundurinn á heimsókn í Sjálandsskóla þar sem við fengum góðar móttökur og kynningu á starfsemi skólans. Í kjölfarið fengum við kynningu á: skóla- og foreldrastarfi

í Garðabæ, verkefni SAMFOK um lýðræðislega aðkomu barna að skólastarfi og verkefni Embættis landlæknis um heilsueflandi grunnskóla. Seinni fundur fulltrúaráðsins var haldinn 13. nóvember 2015 í húsakynnum SAMFOK í Reykjavík og var hann helgaður læsi. Rætt var um þjóðarsáttmála um læsi og aðkomu foreldra að honum. Einnig var boðið upp á kynningu frá Menntamálastofnun og hugmyndir um læsissáttmála Heimilis og skóla kynntar. Rætt var um leiðir til að efla svæðasamtök og fulltrúa foreldra og áhugi kannaður á að halda fulltrúaráðsmót á næsta ári þar sem fundað yrdi um helgi. Skemmst er frá því að segja að áhuginn var fyrir hendi og fulltrúaráðsmót haldið í mars 2016.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í tuttugasta sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 20. maí 2015. Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, ætlaði að ávarpa samkomuna en forfallaðist á síðustu stundu. Aðstoðarkona hans, Sigríður Hallgrímsdóttir, flutti ávarp fyrir hans hönd. Formaður Heimilis og skóla, Anna Margrét Sigurðardóttir, afhenti verðlaunin ásamt formanni dómnefndar, Gísla Hildibrandi Guðlaugssyni.

Gleðileikarnir í Borgarnesi hlutu Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2015. Gleðileikarnir eru þrúta-leikur þar sem nemendum á elsta stigi Grunnskóla Borgarness er skipt niður í hópa sem þurfa að leysa krefjandi verkefni sem ekki eru hluti af þeirra daglega skólalífi. Sjálfstæði og samvinna eru einkunnarorð leikanna og miðast að því að efla samheldni og samstöðu í samfélaginu sem og að gefa þátttakendum tækifæri til þess að spreyta sig á skemmtilegum þrautum. Allir þátttakendur fara heim af leikunum með jákvæð og falleg skilaboð í farteskinu og nýja sýn á eigin styrk og getu. Verkefnið er vel heppnað og vekur athygli í sam-



Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2015.

félaginu, eflir samstarf heimila og skóla og virkjar foreldra í starfi með nemendum. Þá kynnast foreldrar innbyrðis og kynnast einnig öðrum nemendum skólans.

Hvatningarverðlaunin 2015 hlutu nemendur og foreldrar Austurbæjarskóla fyrir Spennistöðina. Um er að ræða menningar- og félagsmiðstöð við Austurbæjarskóla, hugmyndin kom frá nemendum og foreldrum að nýta húsnæði á lóð Austurbæjarskóla og hafa þar fjölnota hús. Nú er hugmyndin orðin að veruleika og er húsnæðið nýtt undir kennslu fyrripart dags og félagsmiðstöð seinnipartinn og á kvöldin. Aðra tíma er húsnæðið laust til notkunar fyrir íbúa og félagasamtök til þess að efla menningarstarfsemi í miðborg Reykjavíkur.

Dugnaðarforkur Heimilis og skóla 2015 er Sigríður Björk Einarsdóttir. Sigríður er formaður foreldrafélags Hólabrekkuskóla í Breiðholti og hefur sinnt því embætti síðustu fjögur skólaár með miklum sóma samkvæmt tilnefningu. Hún hefur m.a. unnið að því að efla samstarf foreldra innan skólans og stuðla að samstarfsverkefnum nemenda á öllum skólastigum. Einnig hefur hún beitt sér fyrir bættu námsumhverfi barna með sérþarfrir. Sigríður var því miður stödd erlendis að sinna doktorsnámi sínu þegar viðurkenningin var afhent en eiginmaður hennar, Sveinn G. Gunnarsson, tók við viðurkenningunni fyrir hennar hönd.

Árið 2015 bárust 35 gildar tilnefningar til Foreldraverðlaunanna. Hægt er að skoða þær í dagskrá Foreldraverðlaunanna 2015. Vodafone kostaði Foreldraverðlaunin og þakka Heimili og skóli kærlega veittan stuðning.

Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Í dómnefnd árið 2015 sátu:

- Gísli H. Guðlaugsson, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- Aðalheiður Steingrímisdóttir, Kennarasamband Íslands
- Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Guðfinna Ármannsdóttir, formaður foreldraráðs Menntaskólans við Sund
- Steinunn Ármannsdóttir, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
- Sveinbjörn Kristjánsson, Embætti landlæknis
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Sú hefð hefur skapast að heimsækja handhafa Foreldraverðlauna með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum úr ráðuneytinu. Verkefnið Viskubrunnur á Seyðisfirði hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2014 og heimsóttu mennta-

og menningarmálaráðherra og formaður Heimilis og skóla ásamt friðu föruneysi vinningshafana 8. apríl 2015. Jóhanna Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri Seyðisfjarðarskóla, tók á móti gestum og sá um kynningu á Viskubrunni og Seyðisfjarðarskóla og fylgdi gestum um plássið. Auk þess að kynna Viskubrunni fengu gestir góða kynningu á skólanum, skólasamfélaginu, LungA skólanum, starfi Skaftfells – miðstöð myndlistar á Austurlandi og samvinnu þeirra við skólann til að efla nám í gegnum listir. Heimsóknin var afar fróðleg og skemmtileg og þökkum við kærlega góðar móttökur.

3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn var haldinn í fimmta sinn 13. nóvember 2015 með málþingi í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar og þökkum við fyrirtækinu kærlega lánið á salnum. Málþingið bar yfirskriftina *Vellíðan í skóla – Hvernig er dagur barnsins?*

Dagskráin var eftirfarandi:

- Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra setur daginn og flytur ávarp.
- „Hagir og líðan íslenskra skólabarna“ Berglind Gísladóttir PhD, Háskólinn í Reykjavík
- „Kostir við samfellu í skóla- og frístundastarfi“ Viðar Sigurjónsson, Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands
- „Hversu mikill skaðvaldur er hávaði í umhverfi barna?“ Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, talmeinafræðingur
- „Námsvinna á Nemaneti, virkni og sýnileg afköst“ Ásta Krístrún Ragnarsdóttir, námsráðgjafi
- „Hvert er gildi frítímans í námi og lífi grunnskólabarna – eða hefur hann eitthvert gildi?“ Steingerður Kristjánsdóttir, Háskóli Íslands
- „Hugarfrelsi: Sjálfstyrking, slökun og hugleiðsla í skólastarfi“ Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir
- Pallborð og umræður



Fulltrúar og fyrirlesarar svara spurningum á Foreldradegi Heimilis og skóla 2015.

Fundarstjóri var Hermann Jónsson, fræðslustjóri hjá Advania og fyrirlesari hjá Erindi. Ráðstefnan var tekin upp og eru upptökurnar aðgengilegar á vef Heimilis og skóla.

3.6. LESTRARÁTAK ÆVARS VÍSINDAMANNS

Lestaráttak Ævars vísindamanns fór fram frá 1. október 2014 til 1. febrúar 2015 og er hugarfóstur Ævars Þórs Benediktssonar, leikara og rithöfund. Áttakinu var ætlað að kveikja áhuga barna í 1. til 7. bekk í grunnskólum landsins á lestri og dregin voru út fimm nöfn úr innsendum miðum og fengu vinningshafar verðlaun þar sem þeir voru gerðir að persónum í nýrri ævintýrabók sem kom út vorið 2015 og ber titilinn *Bernskubrek Ævars vísindamanns: Risaeðlur í Reykjavík*. Gríðarlegur fjöldi miða var fylltur út og ánægjulegt að sjá hve átakið hreyfði við lestraráhuga þeirra barna sem tóku þátt. Alls tóku 115 grunnskólar þátt og lesnar voru tæplega 60.000 bækur. Heimili og skóli voru auk annarra í samstarfi við Ævar og tóku við útfylltum lestrarmiðum og sendu upplýsingar um átakið á netverk samtakanna. Þar sem viðtökur voru svo góðar sem raun ber vitni sneri lestrarátak Ævars vísindamanns aftur árið 2016.

3.7. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist Safer Internet Action Plan, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnið voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjunum „Better Internet“. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.



Foreldradagurinn var haldinn hjá Íslenskri erfðagreiningu.



Haldið var málþing um snjallsímanotkun barna og unglinga í Hofi á Akureyri.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Áðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org/www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum (mennta- og menningarmálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti) hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT. Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólustarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, innanríkis og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheill, fjölmiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra, Rauða kross Íslands auk verkefnisstjóra SAFT. Í stýrihópi verkefnisins sátu fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífnum, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnar-

aðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE sem formaður ráðgjafanefndar netöryggismiðstöðva.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2015 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í tólfta sinn 10. febrúar 2015. Þemað var „Gerum netið betra saman“ og yfir 100 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Í tilefni dagsins vakti SAFT athygli skólasamfélagsins á nýju námsefni fyrir öll skólastig og hvatti skólastjórnendur til þess að leggja áherslu á að finna því efni farveg í skólastarfinu.

Ungmennaráð SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 12-18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig megi kenna ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á öllu fræðsluefni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið.

Árið 2015 var viðburðaríkt hjá ungmennaráðinu. Verkefni tengd vakningarátakinu Ekkert hatuð – orðum fylgir ábyrgð, sem fjallar um alvarleika hatursorðræðu á netinu, voru fyrirferðarmikil. Árið 2014 voru haldnir stórir kynningarfundir um verkefnið þar sem fulltrúum ungmennaráða frá félögum á borð við SAMFÉS og Amnesty International var boðið. Í framhaldinu ákvað ungmennaráð SAFT að leggja áherslu á hatursorðræðu á netinu árið 2015 og stóðu fulltrúar ráðsins fyrir jafningjafræðslu í sínum heimahéruðum. Jafningjafræðsla um haturs-

orðræðu felst í því að fá nemendur á efsta stigi grunnskóla og framhaldsskólanema til að taka afstöðu til særandi og hatursfullra ummæla og ræða sín á milli hver verður helst fyrir barðinu á þeim, hvar þau koma fram á netinu og hvernig dreifingu þeirra er háttað. Fræðslan fer fram í formi leiks þar sem nemendum er skipt upp í umræðuhópa og skapast jafnan áleitun umræða í kjölfarið en ráðið stóð einnig fyrir hefðbundinni netöryggisfræðslu í formi fyrirlestra fyrir yngri nemendur á árinu. Ungmennaráðið las einnig yfir námsefni, vann að viðmiðum um snjalltækjanotkun í grunnskólum, sendi frá sér ályktun vegna umræðu um hinsegin fræðslu í Hafnarfirði, kom fram í viðtali hjá Gay Iceland, kom að útgáfuverkefni á vegum Fræ og útbjó leiðbeiningar fyrir kennara í tengslum við Ekkert hatur námsefni. Eins tóku meðlimir ráðsins þátt í fjölda viðburða og má þar nefna: Æskulýðsdag LÆF 17. janúar, málþing um snjalltækjanotkun barna og ungmenna í Hofi á Akureyri 29. janúar, málþing fjölmiðlanefndar um börn og fjölmiðla 20. mars, fund með fulltrúum frá Barnaheillum í Svíþjóð 24. mars, Fund fólksins 12. júní, málþing Kennarasambands Íslands um samfélagsmiðla 5. október, Norðurlandþing æskunnar 23. október og Foreldradag Heimilis og skóla 13. nóvember.

Fræðsluerindi

Fjöldmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um allt land fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Yfir skólamánuðina halda SAFT fyrirlesarar að jafnaði tvö til þrjú erindi á viku.

Gestir frá Grikklandi

Víkuna 8.–12. júní komu gestir frá grísku netöryggismiðstöðinni til þess að kynna sér starfsemi SAFT og Heimilis og skóla. Gestirnir fengu ítarlega kynningu á starfsemi samtakanna, hvernig netöryggisfræðsla SAFT fer fram og á

Ekkert hatur verkefnum. Eins var farið í heimsókn í Vallaskóla á Selfossi, Brúarskóla og Sæmundarskóla og kynntust gestirnir starfsemi Rauða krossins og þjónustumiðstöðvarinnar Miðbergs.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er <http://saft.is>. SAFT er líka með Facebook og Twitter síður og Youtube rás.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.

Fréttablaðið

Á vormánuðum 2012 var samið við Fréttablaðið um birtingar á heilræðum SAFT til foreldra í óseldum auglýsingadálkum. Netheilræðin 10 voru útfærð í mismunandi stærðum og hafa birst minnst eitt á dag síðan í júní 2012 og eru enn í birtingu ásamt áminningu um ábendingahnappinn.

Embla

Á árinu gaf SAFT út sex gagnvirkar námseiningar um netöryggi fyrir yngsta stig, miðstig, elsta stig og framhaldsskóla.

Rusleyjan og Heimkoman

Árið 2015 gaf INSAFE út bókina Rusleyjan og leikritið Heimkoman á ensku, pólsku, rúmensku og tékknesku. Þetta efni hafði unnið til verðlauna hjá netverkinu árið 2013.

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir verkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti,



Nýr SAFT samningur við þrjú ráðuneyti var undirritaður í Sjálandsskóla í Garðabæ.

virðingu, mannréttindi og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna mikilvægi miðlalæsis fyrir þeim og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu. Fjölmargir viðburðir voru haldnir á árinu til þess að vekja athygli á verkefninu.

Annað efni

SAFT gaf út smærri námseiningar fyrir öll námsstig grunnskóla og fræðsluefni fyrir foreldra og kennara sem var dreift, m.a. um miðlalæsi, tjáningarfrelsi, fordóma, gagnrýna hugsun, viðmið um snjalltækjanotkun í skólum, app fyrir snjallsíma þar sem hægt er að fræðast og tilkynna um einelti á samfélagsmiðlum á borð við Snapchat og Facebook.

Núverandi samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður 2014 og gildir hann til júní 2016. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Rauði

kross Ísland, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). Í júní 2015 skrifuðu ráðherrar mennta og menningar-, velferðar- og innanríkisráðuneytið undir verkefnasamning við SAFT, en hann tryggir verkefninu umsamið móttframlag og þannig rekstur þess út árið 2016. Sjá nánar um SAFT verkefnið í ársskýrslu þess sem nálgast má á skrifstofu samtakanna og á vef verkefnisins <http://saft.is>.

| 4 | ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Foreldrasáttmálinn er í stöðugri prentun enda mjög vinsæll og sniðugt tæki til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamátti. Sáttmálinn var uppfærður og endurhannaður árið 2012 og hefur fengið góðar viðtökur foreldra og skólafólks um allt land. Samtökin hafa um árabil dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum. Þá er mikil eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á <http://heimiliogskoli.is> og <http://saft.is>.

Tímarit Heimilis og skóla var gefið út í september 2015 og var þessa þessi læsi í víðu samhengi. Tímaritinu var dreift til félagsmanna Heimilis og skóla, allra leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins, greinarhöfunda, auglýsenda og á bókasöfn. Tímaritið var einnig sent á foreldra allra barna sem hófu skólagöngu haustið 2015 og þeim boðin félagsaðild.

Vefrit samtakanna, Samstíga, kom tíu sinnum út árið 2015. Það er sent út á rafrænu formi til foreldra og félagsmanna á öllum skólastigum (og annarra sem þess óska) og segir frá helstu viðburðum sem samtökin taka þátt í og standa fyrir hverju sinni.

Heimili og skóli og SAFT gáfu út bæklinginn *Örugg og ábyrg farsímanotkun* í samstarfi við Símann við árslok 2014 og var sá bæklingur í mikilli dreifingu árið 2015 og kláraðist fyrsta upplag. Þar er m.a. rætt um hvað foreldrar þurfa að hafa í huga við fyrstu símakeupin o.fl. Í febrúar kom út handbókin *Börn og miðlanotkun* sem Heimili og skóli og SAFT unnu í samstarfi við fjölmiðlanefnd. Handbókin var upphaflega framleidd af MEKU, fjölmiðlafræðslu-, hljóð- og myndmiðladeild KAVI, hljóð- og myndmiðlastofnun finnska ríkisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti útgáfu handbókarinnar sem notið hefur mikilla vinsælda.

SAFT gaf út námsefni í samstarfi við 2creatEffects þar sem tölvuhundurinn Embla kennir yngstu notendum að fara varlega á netinu. Einnig var útbúið námsefni fyrir miðstig, elsta stig og framhaldsskóla sem hægt er að nálgast á heimasíðu SAFT.

4.2. HEIMASÍÐA OG FACEBOOK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimiliogskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (facebook) sem opnuð var haustið 2009, Youtube rás og Twitter aðgang. Samtökin hafa nú eignast

um 3.364 fylgjendur þegar þetta er ritað. Færðar eru inn fréttir og annað efni í hverri viku. Heimasiða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en stöðugri upplýsingar á heimasíðu. SAFT er með eigin síðu, <http://saft.is> og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. facebook (1.615 fylgjendur), Twitter og Youtube. Auk þessa sjáum við um vefsíðuna neteinelti.is og facebook síðurnar neteinelti.is (739 fylgjendur) og Ekkert hatuð – orðum

fylgir ábyrgð (1.602 fylgjendur). Ellefu manna hópur kennaranema í grunnskólakennarafræðum gerði stuttmynd og vefinn neteinelti.is sem lokaverkefni til B.Ed. gráðu vorið 2014. Hópurinn ákvað að færa Heimili og skóla - landssamtökum foreldra, vefinn til umsjónar í janúar 2015 en Heimili og skóli hafa m.a. notað vefinn í fræðslustarfi sínu í grunnskólum. Einnig skrifar framkvæmdastjóri Heimilis og skóla reglulega pistla á fjölskylduvefinn Úllendúllen (ullendullen.is).

| 5 | FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, FRÆÐSLA OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2015. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi enda eiga samtökin í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila innanlands og utan. Í janúar vorum við með erindi á Náum áttum morgunverðarfundi um snjalltæki í skólastarfi og erindi á málþingi svæðasamtakanna SAMTAKA í Hofi á Akureyri um snjalltækjanotkun barna og unglunga. Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur 6. febrúar og Orðsporið afhent en Heimili og skóli eiga fulltrúa í undirbúningsnefnd og dómnefnd. Um miðjan febrúar vorum við með erindi á morgunverðarfundi Advania, Lífið er læk. Þann 21. febrúar tókum við þátt í ráðstefnu Pólska skólans í Reykjavík um fjölþjóðlegt skólastarf en þar var m.a. foreldrasáttmáli Heimilis og skóla á pólsku kynntur. Í mars voru haldin 32 erindi á fimm dögum á Austfjörðum fyrir börn, foreldra og skólastarfsmenn. Einnig var farið með fleiri erindi og fyrirlestra víða um land á árinu en of langt mál væri að telja það upp hér. M.a. var farið með SAFT fræðslu um netöryggi í alla sjöttu bekk í Reykjavík og víðar um land. Í byrjun mars var NOKO fundur í Stokkhólmi sem formaður og framkvæmdastjóri sóttu. Þann 22. apríl

var aðalfundur Heimilis og skóla haldinn og kosið til stjórnar. Formaður og framkvæmdastjóri fóru ásamt ráðherra mennta- og menningarmála í heimsókn á Seyðisfjörð 18. apríl til að kynna sér verkefnið Viskubrunn sem hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2014. Foreldraverðlaunin voru afhent í 20. sinn þann 20. maí 2015 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Undirritaður var nýr SAFT samningur við þrjú ráðuneyti þann 3. júní og 12. júní tókum við þátt í Fundi fólksins í Norræna húsinu. Í vikunni 8.-12. júní tókum við á móti gestum frá grísku netöryggismiðstöðinni sem kynntu sér starfsemi SAFT og Heimilis og skóla. Farið var af stað með þjóðarsáttmála um læsi um miðjan ágúst. Heimili og skóli tóku þátt í undirritunum þjóðarsáttmálans haustið 2015 þar sem fulltrúar foreldra skrifuðu undir sáttmála ásamt mennta- og menningarmálaráðherra og sveitarfélögum landsins. Í ágúst sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér áskorun um gjaldfrjálsan grunnskóla og tóku Heimili og skóli undir þá áskorun. Tímarit samtakanna kom út í september og 17.-18. september var haldinn NOKO fundur á Íslandi. Stjórn Heimilis og skóla sendi frá sér ályktun til sveitarfélaga landsins um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli



Við fengum góða kynningu á starfsemi Seyðisfjarðarskóla þegar við heimsóttum hann ásamt mennta- og menningarmálaráðherra.



Vinningshafi í fésbókarleik Heimilis og skóla fékk snjallsíma að launum.



NOKO, Nordisk Kommitté, fundaði á Íslandi í september.

25. september 2015. Þar var skorað á sveitarfélög að endurnýja þá velli sem þaktir eru heilsuspillandi dekkjakurli og leyfa börnum að njóta vafans í því tilliti. Þann 5. október var alþjóðadagur kennara og efndu Kennarasamband Íslands og Heimili og skóli til smásagnasamkeppni í tilefni dagsins. Veitt voru fjögur verðlaun í fjórum aldursflokkum og mæltist keppnin afar vel fyrir. Einnig var haldið málþing um samfélagsmiðla í kennslu þar sem Heimili og skóli og SAFT áttu fulltrúa í pallborði. Árleg forvarnavika, vika 43, var vikuna 18.-25. október þar sem athygli landsmanna var vakin á mikilvægi forvarna gagnvart börnum og unglingum og með hvaða hætti hver og einn getur lagt sitt af mörkum. Árið 2015 vöktu 25 félagasamtök athygli á mikilvægi þess að allir hjálpi að við að styrkja jákvæða sjálfsmynd fólks á öllum aldri og var yfirskrift vikunnar: Líkar þér við þig? Heimili og skóli sendu greinar í fjölmiðla og voru með erindi á morgunverðarfundum Náum áttum þar sem sjálfsmynd barna og unglinga var til umfjöllunar.

Skólalæking íslenskra sveitarfélaga var haldið 2. apríl og sama dag héldu Embætti landlæknis og Heimili og skóli ráðstefnu um heilsueflandi framhaldsskóla. Undirritun viljayfirlýsingar um samstarf hagsmunaaðila við Evrópumíðstöð um úttekt á skóla án aðgreiningar á Íslandi var 3. nóvember og skrifaði formaður Heimilis og skóla undir fyrir hönd samtakanna. Foreldradagur Heimilis og skóla var haldinn 13. nóvember og á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, fór Stóra upplestrarkeppnin af stað í 20. sinn. Umræður um læsi einkenndu árið 2015 en einnig var samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs enn í deiglunni. Nýtt námsmat var einnig í umræðunni en það mun koma til framkvæmda vorið 2016. Auk þessa var mikið rætt um einelti, andlega líðan nemenda, netöryggi og hatursorðræðu. Um aðra viðburði er fjallað nánar í viðeigandi köflum í ársskýrslu en einnig má skoða heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðla.

| 6 | SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landsamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnarverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- *Námshópurinn*, síðasti fundur stjórnarinnar var haldinn 7. janúar 2015. Hrefna Sigurjónsdóttir sat í stjórn Námshópurinnar og Ketill B. Magnússon til vara.
- *Velferðarvaktin*, Jenný Ingudóttir og Þröstur Jónsson til vara.
- *Nám áttum* er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri, er þar fulltrúi.
- *Vika 43* – Vímuvarnavikan. Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólveig Karlsdóttir.
- *SAMAN hópurinn* vinnur að forvörnum og heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Björn R. Egilsson er þar fulltrúi.





Dagur gegn einelti var haldinn hátíðlegur í leikskólanum Álfaheiði í Kópavogi.

- Heimili og skóli eiga aðild að Samstarfi félagasamtaka í forvörnum (SAFF), sem er samráðsvettvangur forvarnasamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnastarfi. Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólveig Karlsdóttir eru þar fulltrúar.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefni Göngum í skólann. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Sólveig Karlsdóttir.
- Heimili og skóli eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í félagsráði Radda.
- Dagur leikskólans er haldinn á hverju ári og viðurkenningin Orðsporið afhent við það tækifæri. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í undirbúningsnefnd og dómnefnd.
- Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatusorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement), mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT, er formaður þeirrar nefndar.
- Samráðsnefnd leik- og grunnskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir er þar fulltrúi og var Hrefna Sigurjónsdóttir til vara árið 2015.
- Fagråd um bættu umferðarmenningu, innarríkisráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir.
- RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun. Guðberg K. Jónsson og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara frá október 2015.
- Gegn einelti – verkefnisstjórn eineltisteymis. Ráðuneyti mennta- og menningarmála, innarríkismála og fjármála. Guðberg K. Jónsson er þar ráðgefandi fyrir SAFT verkefnið.
- Samstarfshópur um læsi, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir hélt utan um vinnu samstarfshópsins í samvinnu við Guðfinnu S. Bjarnadóttur. Fulltrúar foreldra sem Heimili og skóli kölluðu til áttu sæti í hópnum árið 2014 en unnið var áfram með niðurstöður 2015.
- Rýnihópur læsissáttmála, Heimili og skóli. Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólveig Karlsdóttir.
- Nefnd um nýtt námsmat, Menntamálastofnun. Bryndís Jónsdóttir.
- Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla. Bryndís Jónsdóttir.



Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefni Göngum í skólann en setningarhátíðin 2015 var haldin í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.

- *Fag- og stýrihópur heilsueflandi grunnskóla, Embætti landlæknis. Sólveig Karlsdóttir.*
- *Fagráð um áfengis- og vímuvarnir. Sólveig Karlsdóttir.*
- *Samráðshópur um ofbeldisforvarnir, Embætti landlæknis. Sólveig Karlsdóttir.*
- *Nefnd um endurskoðun löggjafar um sjálfstætt rekna grunnskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir.*
- *Starfshópur um ábyrga notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi, Reykjavíkurborg. Guðberg K. Jónsson og Sólveig Karlsdóttir til vara.*
- *Úttekt á menntun án aðgreiningar í samstarfi við Evrópumíðstöð, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir og Anna Margrét Sigurðardóttir til vara.*
- *Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun, innanríkisráðuneyti. Guðberg K. Jónsson*
- *Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu*

og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni, innanríkisráðuneyti. Guðberg K. Jónsson

- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans. Ketill B. Magnússon er formaður stjórnar Almannaheilla fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og / eða frumvarpa til laga þegar við á.
- Heimili og skóli hafa í gegnum árin tekið á móti starfsmönnum frá Menntavísindasviði. Árið 2015 fengum við fjóra starfsmenn úr uppeldis- og menntunarfræði í Háskóla Íslands.
- Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna og sitja þá yfirleitt framkvæmdastjóri og/eða formaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmíðla og veita upplýsingar.

| 7 | NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Kommité, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Heimili og skóli sömdu um að greiða lægra árgjald þegar þráðurinn var tekinn upp í samstarfinu að nýju en í staðinn greiða samtökin sérstaklega fyrir þær ráðstefnur og fundi sem sótt eru. Ætlunin er þó að verða aftur fullgildir félagar og vonandi verður það hægt árið 2017 með nýjum samstarfssamningi. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess

sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Formaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla sóttu fund NOKO í Stokkhólmi 5. - 6. mars 2015 og seinni fundur NOKO var svo haldinn á Íslandi 17.-18. september en þá tóku Heimili og skóli á móti hinum aðildarsamtökunum og skipulögðu dagskrá. Ráðstefna NOKO verður haldin 16.-17. september í Stokkhólmi árið 2016 en Svíar fara nú með formennsku í NOKO en utanumhald og umsýsla hefur flust frá Danmörku til Finnlands.



Undirritun samnings við Evrópumíðstöð



Formenn foreldrasamtaka á Norðurlöndum ásamt framkvæmdastjóra Heimilis og skóla og ráðherra mennta- og menningarmála.

| 8 | LOKAORÐ

Árið 2015 var annasamt hjá Heimili og skóla. Við unnum áfram af krafti að læsisverkefni í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og grunnur var lagður að samstarfssamningi sem síðan var undirritaður við hátíðlega athöfn í Áslandsskóla í febrúar 2016. Samningurinn um læsissáttmála er eitt viðamesta verkefni sem landssamtökin Heimili og skóli hafa ráðist í og mun taka drjúgan tíma af vinnu okkar á yfirstandandi starfsári og verður stór þáttur í starfsemi okkar á næstu árum.

Í samræmi við þátttöku okkar í læsisverkefni var meginþema tímaritsins okkar haustið 2015 umfjöllun um læsi í víðum skilningi. Tímaritinu var dreift víða og kláraðist upplag þess fljótt. Nú stefnum við að endurprentun tímaritsins og dreifingu þess á fundum okkar um landið í tengslum við vinnu með læsissáttmálann.

Í september héldum við formannafund NOKO, Nordisk Kommitté, en þar komu saman formenn foreldrasamtaka á Norðurlöndunum. Formenn samtakanna hittast tvisvar á ári og skiptast þátttökulöndin á að vera gestgjafar. Fundurinn var haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneyti og áttum við einstaklega góðan fund með ráðherra mennta- og menningarmála. Fundurinn heppnaðist í heild sinni afar vel og með honum treystum við enn frekar samstarfið við NOKO. Við höfum ekki verið fullgildir aðilar að samstarfinu síðustu ár en stefnum að fullri aðild á næsta ári, 2017.

Í september 2016 verður haldin ráðstefna í Stokkhólmi á vegum NOKO þar sem umfjöllunarefnið verður samstarf heimila og skóla. Ráðstefnur NOKO sem haldnar eru á tveggja ára fresti eru okkur mjög gagnlegar og höfum við lært mikið af systursamtökum okkar sem gagnast í okkar starfi hér heima fyrir. Við viljum vinna að því að ráðstefnuna sæki fulltrúar úr svæðaráðum Heimilis og skóla og höfum við sótt um styrki til að auðvelda og greiða fyrir þátttöku þeirra.

Fastir þættir í starfi samtakanna eru m.a. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn á vegum SAFT, Foreldra-



**Anna Margrét
Sigurðardóttir**
formaður

verðlaunin, Foreldradagurinn þar sem umfjöllunarefnið árið 2015 var dagur barnsins, fulltrúaráðsfundur sem haldinn er tvisvar á ári og heimsókn ásamt ráðherra til handhafa Foreldraverðlauna.

Innanlands eigum við í farsælu samstarfi við ýmsa aðila og samtök og vert er að nefna að við áttum í góðu samstarfi við Kennarasamband Íslands um Dag kennarans í október. Framhald verður á samstarfi okkar við Kennarasambandið og munum við standa saman að Foreldradeginum árið 2016. Við hjá Heimili og skóla viljum vinna að bættu og auknu samstarfi foreldra og kennara í skólum landsins og er samstarf sem þetta góður grunnur að byggja á.

Stjórn Heimilis og skóla sendi frá sér ályktun sl. haust þar sem skorað var á sveitarstjórnir landsins að taka umsvifalaust á því vandamáli sem dekkjakurl á sparkvöllum víða um land er. Mörg sveitarfélög hafa brugðist við en betur má ef duga skal. Við viljum öll kurl til grafar og við teljum að börn eigi að njóta vafans.

Ég vil þakka starfsmönnum og stjórn samtakanna vel unnin störf á liðnu ári. Við erum bjartsýn á framtíðina og munum halda áfram að vinna að samstarfi heimila og skóla og setjum á oddinn velferðarmál barna og ungmenna í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2.gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félag innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4.gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórn málaflökkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrjú stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kys fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en átta sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélag víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfsemi.

Fjármál



8 gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
S. 516 0100 | www.heimiliogskoli.is